

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 2014 í máli nr. E-3593/2013:**

**Lánasjóður íslenskra námsmanna**

*(Sigurbjörn Ársæll Þorbergsson hrl.)*

**gegn**

**Hjördísi Brynju Mörtudóttur og**

**Mörtu Gunnlaugu Ragnarsdóttur**

*(Ragnar Halldór Hall hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember 2014, var höfðað með stefnu, birtri fyrir Mörtu Gunnlaugu Ragnarsdóttur 12. ágúst 2013 og birtri fyrir Hjördísi Brynju Mörtudóttur 11. september s.á., á hendur þeim til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfum.

Dómkrafa stefnanda er að stefndu verði gert að greiða stefnanda óskipt (in solidum) 4.013.038 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 67.502 krónum frá 1.3.2012 til 1.9.2012, af 131.830 krónum frá 1.9.2012 til 1.3.2013, af 202.381 krónu frá 1.3.2013 til 16.07.2013, en af 4.013.038 krónum frá 16.7.2013 til greiðsludags. Þá er þess krafist að stefndu verði dæmdar óskipt til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins, að viðbættum 25,5% virðisaukaskatti.

Af hálfu stefndu Hjördísar Brynju Mörtudóttur er ekki tekið til varna í málinu og engar kröfur gerðar.

Af hálfu stefndu Mörtu Gunnlaugar Ragnarsdóttur er þess krafist að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Í greinargerð stefndu Mörtu Gunnlaugar Ragnarsdóttur var þess aðallega krafist að málinu yrði hvað hana varðar vísað frá dómi. Frávisunarkröfu hennar var hafnað með úrskurði dómsins 21. febrúar 2014.

**Málsatvik**

Krafa stefnanda á hendur stefndu er vegna námslána, sem stefnda Hjördís Brynja Mörtudóttir tók á árunum 1986 til 1989 hjá stefnanda og tryggð voru með sjálfskuldarábyrgð stefndu Mörtu Gunnlaugar Ragnarsdóttur. Um lántökurnar voru gerð níu skuldabréf sem lýst er í stefnu og lögð voru fram í frumriti við þingfestingu málsins. Í skilmálum allra skuldabréfanna kemur fram að endurgreiðsla lánanna skuli hefjast þremur árum eftir námslok og ákveði stjórn lánasjóðsins hvað teljist námslok í þessu sambandi.

Samkvæmt greinargerð stefndu Mörtu Gunnlaugar hóf stefnda Hjördís Brynja Mörtudóttir lánshæft nám í myndlist haustið 1985 við skólann École des Beaux Arts í Frakklandi og var þar til vors 1986. Eftir að hafa eignast barn í janúar 1987 fór Hjördís Brynja aftur til náms í Frakklandi haustið 1987 og var þar til vors 1988. Að því loknu var hún við nám í Handíða- og myndlistarskólanum í Reykjavík veturinn 1988 til vors 1989. Haustið 1994 fór stefnda Hjördís Brynja til náms í Rudolf Steiner Högskolan í Svíþjóð. Þaðan lauk hún BA/BED prófi vorið 1998 og hefur ekki stundað lánshæft nám eftir það. Á síðara námstímabilinu tók stefnda Hjördís Brynja námslán hjá stefnanda á grundvelli laga nr. 21/1992, svokallað R-lán.

Frá því er greint í stefnu að áður veitt námslán, þau sem mál þetta varðar, hafi verið sameinuð að námi loknu og gefið nýtt sameiginlegt númer, S-921293. Námslánið sé verðtryggt og miðað við breytingar á lánsklaravísitölu. Vegna vanskila frá gjalddaga þann 1. mars 2012 hafi skuldin öll verið gjaldfelld samkvæmt heimild í skuldabréfunum sjálfum þann 16. júlí 2013.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Stefnandi sundurliði kröfu sína þannig:

Gjalddagi 1. mars 2012	67. 502 krónur
Gjalddagi 1. september 2012	64.328 krónur
Gjalddagi 1. mars 2013	70.551 króna
Gjalddagi 16. júlí 2013	3.810.657 krónur

Alls 4.013.038 krónur sem sé stefnufjárhæð málsins. Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni. Mál þetta sé rekið sem skuldabréfamál eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins.

Stefnandi byggir á því að með áritun sinni á skuldabréfin hafi stefnda Hjördís Brynja Mörtudóttir skuldbundið sig til að greiða skuldina í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Byggt sé á því að stefnda Marta Gunnlaug Ragnarsdóttir hafi með áritun sinni á skuldabréfin tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins í samræmi við skilmála þess.

Vísað sé til meginreglu kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og til meginreglu kröfuréttar um ábyrgðarskuldbindingar. Þá vísi

stefnandi til laga nr. 21/1992, einkum II. kafla laganna. Krafa um vexti og dráttarvexti styðjist við reglur III. kafla laga nr. 38/2001 og krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísist til ákvæða skuldabréfa og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðjist við lög nr. 50/1988, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og sé því nauðsynlegt fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

### **Málsástæður og lagarök stefndu Mörtu Gunnlaugar**

Sýknukrafan sé í fyrsta lagi á því reist að stefnda sé ekki ábyrgðarmaður á því svokallaða láni sem liggja til grundvallar kröfugerð stefnanda í málinu og hlotið hafi auðkennið S-921293. Stefnandi reki mál þetta samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 til heimtu skuldar samkvæmt þessu tiltekna láni, þótt sá lánssamningur sé ekki lagður fram í málinu, en ekki til heimtu krafna samkvæmt skuldabréfunum sem stefnda ábyrgðist greiðslu á við útgáfu bréfanna.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að taka skuli afstöðu til krafna stefnanda á grundvelli upphaflegu skuldabréfanna sé sýknukrafa stefndu byggð á fyrningarreglum.

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna sem stefnda Marta Gunnlaug hafi gengist í ábyrgð á skyldi endurgreiðsla lána hefjast þremur árum eftir námslok. Því námi sem lánin voru veitt út á hafi lokið árið 1989 eða fyrir 24 árum síðan. Samkvæmt því hafi endurgreiðslur lánanna átt að byrja á árinu 1992. Það hafi að sjálfsögðu verið á ábyrgð stefnanda að fylgja kröfuréttindum sínum eftir, en stefnda Marta Gunnlaug hafi ekki verið krafin um greiðslu á grundvelli ábyrgðarinnar fyrr en með tilkynningu um gjaldfellingu svokallaðs láns nr. S-921293.

Í öllum skuldabréfunum sem lögð séu fram í málinu sé svofellt gjaldfellingarákvæði:

*Standi lántaki ekki í skilum með greiðslu afborgana á réttum tíma er lánið allt gjaldfallið án uppsagnar.*

Samkvæmt þessu hafi allar kröfur samkvæmt öllum skuldabréfunum verið gjaldfallnar meira en tuttugu árum áður en stefndu Mörtu Gunnlaugu hafi verið tilkynnt sérstaklega um gjaldfellingu láns nr. S-921293. Allar kröfur samkvæmt umræddum skuldabréfum hafi þá fyrir löngu verið fyrndar gagnvart henni sem ábyrgðarmanni. Vísi hún til 5. gr. þágildandi laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905, en samkvæmt því ákvæði hefjist fyrningarfrestur kröfu á þeim degi þegar krafan yrði gjaldkræf. Kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum eins og þeirri sem stefnda Marta Gunnlaug hafi undirgengist með áritun á skuldabréfin fyrnist á fjórum árum, sbr. 4. tölul. 3. gr. sömu laga. Raunar gildi einu þótt kröfurnar yrðu felldar undir 4. gr. laganna og fyrningarfrestur teldist vera tíu ár, kröfurnar séu samt allar fyrndar gagnvart stefndu Mörtu Gunnlaugu.

Vísað sé, auk framangreindra lagaákvæða, til almennra reglna sem gildi á sviði kröfu- og samningaréttar um ábyrgðarloforð og snerti aukningu á áhættu ábyrgðarmanns og sjálfstætt gildi loforðs hans gagnvart kröfuhafa. Málskostnaðarkrafa byggist á 130. gr. laga um meðferð einkamála og sé þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar stefndu af

virðisaukaskatti vegna lögmanskostnaðar.

## Niðurstaða

Stefnda Marta Gunnlaug Ragnarsdóttir krefst sýknu í málinu og bendir í fyrsta lagi á það að stefnandi reki mál þetta samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 til heimtu skuldar samkvæmt tilteknu láni, S-921293, þótt sá lánsamningur sé ekki lagður fram í málinu. Það sé ekki höfðað til heimtu krafna samkvæmt skuldabréfunum sem stefnda ábyrgðist greiðslu á við útgáfu bréfanna.

Í máltilbúnaði stefnanda er því lýst að til skuldarinnar hafi verið stofnað með níu skuldabréfum sem tilgreind eru í stefnu með númerum og lögð hafa verið fram í málinu með undirritun stefndu Mörtu Gunnlaugar sem ábyrgðarmanns á þau öll en auk þess einnig sem umboðsmanns skuldarans, stefndu Hjördísar Brynju, á sum þeirra. Í stefnu segir að veitt námslán hafi að námi loknu verið sameinuð og gefið nýtt sameiginlegt númer, S-921293. Mál þetta verður því að telja höfðað til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfunum níu, sem númerið S-921293 vísar til. Í texta þeirra skuldabréfa er skráður samningur um hina sérstöku málsmeðferð, sbr. nú c-lið 117. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Verður ekki séð að vörnum stefndu Mörtu Gunnlaugar hafi verið áfátt vegna þess að stefnandi höfðar málið sem skuldabréfamál, svo sem honum var heimilt, og er sýknukröfu stefndu á þessum grundvelli hafnað.

Stefnda Marta Gunnlaug krefst í öðru lagi sýknu á grundvelli fyrningarreglna og vísar til stuðnings kröfunni til þess að samkvæmt skuldabréfunum skyldi endurgreiðsla skuldarinnar hefjast þremur árum eftir námslok og hefði því átt að hefjast árið 1992. Í greinargerð segir að innheimta hjá stefndu Mörtu Gunnlaugu hafi ekki hafist þá, en í skuldabréfunum sé ákvæði um að lán sé allt gjaldfallið án uppsagnar ef ekki eru staðin skil á greiðslu afborgana á réttum tíma. Því hafi allar kröfur samkvæmt skuldabréfunum verið gjaldfallnar meira en tuttugu árum áður en stefnandi hafi tilkynnt stefndu Mörtu Gunnlaugu um gjaldfellingu láns nr. S-921293. Kröfurnar séu því fyrndar.

Stefnandi byggir málsókn sína á því að elsti gjalddagi í vanskilum á þeirri skuld sem hér er til innheimtu hafi verið 1. mars 2012, en lánið hafi verið gjaldfellt vegna þeirra og eftirfarandi vanskila þann 16. júlí 2013. Samkvæmt þeim gögnum sem stefnandi hefur lagt fram í málinu hóf stefnandi innheimtu lánsins á árinu 1992, á gjalddögum 1. mars og 1. september það ár, og voru þær kröfur greiddar 12. nóvember 1993. Hlé var gert á innheimtu samkvæmt skuldabréfunum níu þar til 1. mars 2012.

Fram kemur í greinargerð stefndu Mörtu Gunnlaugar að stefnda Hjördís Brynja hafi hafið nám að nýju á árinu 1994, sem lokið hafi árið 1998. Af gögnum málsins má ráða að stefnda Hjördís Brynja hafi fengið námslán, sem merkt eru með bókstafnum R hjá stefnanda, meðan á þessu síðara námstímabili stóð og að stefnda Marta Gunnlaug hafi einnig verið ábyrgðarmaður á þeim lánum. Stefnandi hefur lagt fram tvö bréf frá stefndu Hjördísi Brynju til stefnanda, annað frá 14. júlí 1997 og hitt frá 20. apríl 1998, þar sem þess er óskað að endurgreiðslum námslána vegna áranna, annars vegar 1997 og hins vegar 1998, verði frestað um eitt ár. Samkvæmt gögnum málsins hófst innheimta R-lánsins 1. mars 1999 og voru gjalddagar lánsins 1. mars og 1. september ár hvert og síðasti gjalddagi lánsins er 1. september 2011.

Námslán samkvæmt þeim skuldabréfum sem mál þetta snýst um var veitt á grundvelli laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki. Í 18. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna sagði að væri skuldari láns samkvæmt þeim lögum jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skyldi hann fyrst endurgreiða að fullu lán sem tekin séu samkvæmt þessum lögum. Með lögum nr. 140/2004 var gerð sú breyting á 18. gr. laga nr. 21/1992, að í 2. mgr. greinarinnar segir nú að ef lánþegi skuldar námslán sem var úthlutað á árunum 1992-2004, svokallað R-lán, og jafnframt námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu R-lánið. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þá þar til R-lánið er að fullu greitt. Af frumvarpi til breytingarlaganna og meðferð þess í þinginu þykir mega ráða að ætlun löggjafans hafi verið að við það skyldi miðað hvenær greiðslum R-lána skyldi vera lokið fremur en það hvenær þeim lyki í raun.

Ekki verður fallist á það með stefndu Mörtu Gunnlaugu að ákvæði skuldabréfanna, um það að afborganir skuli hefjast þremur árum eftir námslok og hvernig þeim skuli hagað, feli það í sér að vanskil teljist hafa orðið með þeim áhrifum að afdráttarlaust gjaldfellingarákvæði skuldabréfanna komi til framkvæmda, þegar sá tími kemur án þess að stefnandi geri reka að því að tilkynna ábyrgðarmanni um gjalddaga. Frumkvæðisskyldu stefnanda í þessu efni má m.a. leiða af því að bæði er gert ráð fyrir því í texta skuldabréfanna að það sé stefnandi sem ákveður hvað teljist námslok og þar með hvenær endurgreiðslur hefjist og af því að hann geti veitt undanþágur frá árlegum endurgreiðslum. Í skuldabréfunum segir að heimilt sé að greiða þau upp örar en mælt sé fyrir og lagabreytingin um frestun innheimtu eldri lána, sem gerð var skuldara til hagsbóta, kemur ekki í veg fyrir að skuldari eða ábyrgðarmaður geti greitt upp skuldina áður en til innheimtu hennar kemur, kjósi þeir að gera það.

Með hliðsjón af fyrrgreindum lagabreytingum og námsferli Hjördísar Brynju þykir ljóst hvers vegna hlé varð á innheimtu námsláns samkvæmt skuldabréfunum sem mál þetta snýst um, frá því innheimta hófst á árinu 1992 þar til henni var fram haldið á árinu 2012. Gögn málsins bera með sér að stefnda Marta Gunnlaug væri einnig ábyrgðarmaður fyrir greiðslu R-lánsins. Hún mátti vita að til innheimtu hins eldra, verðtryggða en vaxtalaus S-láns, myndi koma.

Fyrir liggur að innheimta stefnanda á því láni hófst árið 1992. Þótt afborgun af láninu samkvæmt gjalddögum á því ári hafi dregist, þá var láninu samkvæmt gögnum málsins komið í skil í nóvember 1993. Endurgreiðslur S-lánsins voru því hafnar og lánið í skilum áður en stefnda Hjördís Brynja mun hafa hafið nám að nýju og töku nýrra námslána, R-lána samkvæmt lögum nr. 21/1992. Eftir að síðara námstímabilinu lauk var, að veittum umbeðnum fresti, fyrst krafist endurgreiðslu á R-lánnum, samkvæmt skýrum lagafyrirmælum svo sem fyrr er rakið, áður en innheimtu S-lánsins var haldið áfram þann 1. mars 2012. Þegar stefndu Mörtu Gunnlaugu var tilkynnt með bréfi, dags. 17. júlí 2013, að S-lánið hefði verið gjaldfellt, þá voru þrjár gjalddagar komnir í vanskil eftir að innheimta hófst að nýju. Þær kröfur voru ekki fyrndar þegar mál þetta var þingfest í september 2013. Í máli þessu eru atvik ólík þeim sem fyrir hendi voru í máli stefnanda gagnvart öðrum lántaka sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 242/2010, og lögmaður stefndu Mörtu Gunnlaugar vísaði til við málflutning, að því leyti að lánið sem hér um ræðir var ekki í vanskilum og þar af leiðandi ekki gjaldfallið þegar innheimta

Þess hófst að nýju árið 2012.

Stefnda Hjördís Brynja Mörtudóttir hefur ekki tekið til varna í málinu. Með undirritun sinni á skuldabréfin tókust báðar stefndu á hendur óskipta ábyrgð á endurgreiðslu lánsins til stefnanda.

Stefnandi hefur með gögnum sýnt fram á hvernig krafa hans er til komin, sundurliðuð og útreiknuð í samræmi við yfirlit sem lagt er fram í málinu af hans hálfu, allar gjaldfallnar afborganir eru í stefnu tilgreindar ásamt gjalddaga, svo og eftirstöðvar miðað við þann dag þegar lánið var gjaldfellt 16. júlí 2013. Í stefnu kemur fram hvernig lánið sé verðtryggt og þar er að finna upplýsingar um það hvernig skuldin er til komin. Þykir stefnandi með framlögðum gögnum hafa sýnt fram á réttmæti kröfu sinnar gagnvart báðum stefndu og verður fallist á kröfu hans eins og hún er fram sett og stefndu gert óskipt að greiða stefnanda umkrafa skuld.

Með vísun til 1. mgr. og 2. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, verður stefndu gert að greiða stefnanda óskipt málskostnað, sem, að teknu tilliti til þess að ákvörðun um málskostnað var látin bíða efnisúrlausnar málsins þegar leyst var úr frávísunarkröfu stefndu Mörtu Gunnlaugar, er hæfilega ákveðinn 350.000 krónur að viðbættum virðisaukaskatti.

Dóminn kvað upp Krístrún Krístinsdóttir héraðsdómari.

## **D Ó M S O R Ð**

Stefndu, Hjördís Brynja Mörtudóttir og Marta Gunnlaug Ragnarsdóttir, greiði stefnanda, Lánasjóði íslenskra námsmanna, óskipt (in solidum) 4.013.038 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 67.502 krónum frá 1.3.2012 til 1.9.2012, af 131.830 krónum frá 1.9.2012 til 1.3.2013, af 202.381 krónu frá 1.3.2013 til 16.07.2013, en af 4.013.038 krónum frá 16.7.2013 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda óskipt í málskostnað 350.000 krónur að viðbættum virðisaukaskatti.

Krístrún Krístinsdóttir